

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 477/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hafþóri Hafdal Jónssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 29. nóvember 1994. Áfrýjar ákærði málinu í heild sinni, bæði að því er varðar sakarmat og refsíákvörðun og krefst sýknu.

Af hálfu ákærvalds var upphaflega krafist þyngingar á refsingu ákærða. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist saksóknari staðfestingar héraðsdóms og að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar á meðal saksóknarkostnaðar til ríkissjóðs.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi og skýrslum nokkurra þeirra hjá lögreglu. Kemur niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi þessa framburðar fyrir dómi ekki til endurmats Hæstaréttar, sbr. 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, og ekki er tilefni til úrræða samkvæmt 5. mgr. 159. gr. sömu laga. Önnur sönnunargögn, sem sakfelling ákærða er reist á, gefa ekki tilefni til annarrar niðurstöðu en þeirrar, sem í héraðsdómi felst.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hafþór Hafdal Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir

Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. nóvember 1994.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði gaf út ákæru í máli þessu 14. september sl. Málið var höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða 21. september, þingfest 27. sama mán. Það var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 28. október sl.

Ákærður er Hafþór Hafdal Jónsson, kt. 240964-5899, Miðvangi 41, Hafnarfirði, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. febrúar 1994 að Hringbraut 58, Hafnarfirði, ráðist á Ásgeir Agnarsson, kt. 261264-3589, og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann fékk tvo skurði í andlit, sem þurfti að sauma, auk þess sem hann marðist og bólgnaði kringum hægra auga.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Svo segir í ákæruskjali.

Um málsatvik.

Síðla aðfaranætur sunnudagsins 27. febrúar 1994 kom allstór hópur fólks saman á heimili Þórs Kristjánssonar og Brynhildar Fjólu Hallgrímsdóttur að Hringbraut 58, Hafnarfirði. Flestir eða allir, sem þarna komu saman, höfðu verið að skemmta sér á Fjörukránni og farið heim til Þórs og Brynhildar Fjólu, þegar veitingastaðnum var lokað. Allt var fólkið meira eða minna undir áhrifum áfengis. Meðal gesta voru ákærði í máli þessu og ætlaður árársarþoli, Ásgeir Þór Agnarsson.

Í frumskýrslu lögreglunnar í Hafnarfirði um málið kemur fram, að hún var beðin um skjóta aðstoð að Hringbraut 58 kl. 4.43. „Þarna voru slagsmál í gangi og lögreglan beðin um að koma á vettvang. Á vettvangi hittum við húsráðanda og Ásgeir [Agnarsson], þarna var töluvert af fólki að skemmta sér. Meintur árársaðili var farinn af vettvangi, en okkur var tjáð að hann hétu Hafþór Jónsson ... Ásgeir tjáði okkur að hann hefði verið að tala við Hafþór og ekki haldið annað en að þeir væru vinir, en hann tjáði okkur að Hafþór hefði allt í einu ráðist á sig án nokkurs tilefnis og lamið sig í andlitið nokkrum sinnum.“

Lögreglan fór með Ásgeir Þór Agnarsson á slysadeild Borgarspítalans. Í málinu liggur frammi vottorð Magnúsar Páls Albertssonar læknis, dags. 11. júlí 1994. Þar kemur fram, að Ásgeir kom á slysadeild kl. 5.15. „Kvaðst hann hafa orðið fyrir líkamsárás í miðbæ Hafnarfjarðar skömmu fyrir

komu, en kveðst ekki muna atburði við skoðun hér á slysadeild. Við skoðun kom í ljós skurður hægra megin á enni u. þ. b. 2½ cm að lengd. Veruleg bólga og mar í kringum hægra auga og grunnur skurður u. þ. b. 1½ cm að lengd utanvert undir hægra auga. Það var smásár á nefi, rispur á enni og sjúklingur aumur yfir vinstra kinnbeini.“ Í vottorðinu er lýst aðgerðum, en síðan sagt, að Ásgeir hafi ekki leitað aftur á slysadeild vegna þessa, að því er best verði séð. Enn segir í vottorðinu: „Það vottast að ofan nefndir áverk- ar geta samrýmst lýsingu á tildrögum. Þeir gætu þannig hæglega stafað af höggum, t. d. hnefahöggum. Áverkarnir voru ekki alvarlegir og ólíklegt að þeir skilji eftir varanleg mein eða skerði starfsgetu. Skurðirnir munu hins vegar að sjálfsgöðu skilja eftir sig ör.“

Ásgeir Þór Agnarsson gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði mánudaginn næstan eftir atburðinn, 28. febrúar. Segir hann þar svo frá, að þeir ákærði hafi verið staddir inni í stofu og hann, Ásgeir, setið þar í sófa, þegar ákærði hafi rokið upp og slegið sig í andlitið. Segist mætti svo ekki muna miklu meira, nema hann hafi labbað fram og þá mikið blætt úr andliti sér. Kvaðst Ásgeir kera nefndan Hafþór Jónsson til refsingar fyrir árás á sig.

Skýrslur fyrir lögreglu og dómi.

Rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði yfirheyrði ákærða 3. mars, en síðan tók hún skýrslur af nokkrum vitnum: Þór Kristjánssyni, húsráðanda á Hringbraut 58, f. 1962, og nokkrum gestum: Smára Adolfssyni, f. 1955, Gabríelu Elísabetu Þorbergsdóttur, f. 1962, Birni Viðari Ólasyni, f. 1973. Öll hafa þau gefið skýrslu fyrir dómi nema Smári Adolfsson, en af skýrslu hans fyrir lögreglu má ráða, að hann hafi verið ofurölvi og hugstola í samkvæminu. Auk framantalinna manna og ætlaðs árásarpóla hafa komið fyrir dóm- inn sem vitni Sigurður Ásgeir Runólfsson, f. 1960, Brynhildur Fjóla Hallgrímsdóttir, sambýliskona Þórs Kristjánssonar, f. 1971, og Guðmundur Emil Jónsson, f. 1964.

Framburður þessara manna er ekki á einn veg. Pykir dómara nauðsyn til bera að gera allýtarlega grein fyrir honum.

Ákærði, Hafþór Hafdal Jónsson, hefur neitað sakargiftum bæði fyrir lög- reglu og dómi. Hann kvaðst hvorki hafa slegið Ásgeir Þór Agnarsson né veitt honum þá áverka, sem lýst er í ákæru. Fyrir dómnum bar hann, að Ásgeir hefði í samkvæminu verið að abbast upp á menn. Hann kvaðst hafa setið á stól inni í stofu, en Ásgeir skáhallt á móti sér. Ásgeir hefði borið á sig, að hann, ákærði, hefði stolið frá sér áfengi. Deila þeirra hefði vaxið orð af orði og Ásgeir orðið æstur. Hann hefði staðið upp og augsýnilega ætlað „annaðhvort að veita mér högg eða rífa í mig“. Ákærði kveðst hafa talið sér

þann kost vænstan að verja hendur sínar, og því hefði hann gripið framan í brjóstið á Ásgeiri, þegar hann kom að sér, og skutlað honum út á gólf. Við þetta hefði Ásgeir fallið á grúfu og hálfvankast. Hann hefði þó fljótt staðið á fætur. Þór húsráðandi hefði þá komið og sagt Ásgeiri, að nóg væri komið og að hann skyldi koma sér út. Ásgeir hefði þá orðið alveg brjálaður, og þeir Þór hefðu tuskast. Þór hefði dregið hann í átt að útidyrum. Þar hefði Ásgeir rekið höfuðið í dyrakarminn. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt, hvort Þór hefði ýtt við honum eða Ásgeir hrasað, en hann hefði dottið á útigrill (kolagrill), sem staðið hefði fyrir framan útidyr. Ákærði kvaðst hafa séð, að mikið blæddi úr Ásgeiri, er hann stóð upp. Þór hefði þá tekið hann inn aftur og farið með hann inn á salerni, en sig hefði hann rekið út.

Frásögn ákærða fyrir lögreglu var mjög á sama veg. Í henni segir ákærði þó, að hann hafi það eftir Þór Kristjánssyni, að Ásgeir hafi lent á grillinu. Fyrir dómi bar hann, að Þór hefði viðurkennt fyrir sér, að Ásgeir hefði fallið á grillið.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, en muna þó atvik að mestu leyti. Hann tók fram, að ekki hefði blætt úr Ásgeiri, fyrr en hann stóð upp, eftir að hafa fallið á grillið.

Vitnið Ásgeir Þór Agnarsson kvaðst muna lítið eftir, hvað gerðist umrædda nótt. Hann kveðst þó muna, að hann hefði verið inni í stofu í návist þeirra ákærða og Þórs Kristjánssonar. Hann bar, að hann hefði „ábyggilega rotast við höggið þarna inni í stofunni“. Hann kvaðst muna eftir að hafa rankað við sér frammi á gangi og að hafa verið inni á salerni mikið blóðugur. Hann minntist þess ekki að hafa farið með Þór Kristjánssyni út eða út í dyr og ekki eftir því, að Þór hefði haft af sér afskipti. Hann kvaðst ekki heldur minnast þess að hafa ögrað ákærða í samkvæminu, en minntist þess hins vegar, að með þeim hefðu orðið væringar niðri á Fjörukra þremur vikum áður. Þegar vitnið var spurt, hvort það gæti staðfest, að ákærði hefði slegið það, svaraði það: „Ja, ég átti ekkert sökótt við Þór. Ég er bara sleginn út af laginu.“ Kvaðst vitnið vera visst um að hafa verið slegið í stofunni, það hefði setið þar í sófa, og „þar svíf ég út af vegna höggs“.

— — —

Niðurstöður.

Ákærði hefur borið að hafa hrundið Ásgeiri Þór Agnarssyni í samkvæminu á Hringbraut 58 aðfaranótt 27. febrúar 1994, svo að hann féll í gólfið og hálfvankaðist. Framburður ákærða fer að þessu leyti ekki í bága við vætti vitna. Með vitnisburði vitnanna Þórs Kristjánssonar, Gabríelu Elísabetar Þorbergsdóttur, Björns Viðars Ólasonar og Guðmundar Emils Jónssonar er sannað, að átök urðu milli ákærða og Ásgeirs Þórs og að hinn síðarnefndi

hlaut verulega áverka á andliti í þeirri viðureign. Vætti Ásgeirs Þórs Agnarssonar og Brynhildar Fjólu Hallgrímsdóttur styðja þetta og, svo langt sem þau ná. Ber hér að leggja til grundvallar greinargóðan framburð vitnanna Björns Viðars og Gabríelu Elísabetar fyrir lögreglu og fyrir dómi, en vætti hinna fjögurra styðja niðurstöðu um sönnun. Athuga ber, að vitnisburð Þórs Kristjánssonar verður að meta með tilliti til, að hann kunnir að hafa haft ástæðu til að bera af sér sakir, og einnig með tilliti til þess, að hann og ákærði eru æskuvinir.

Vætti Sigurðar Ásgeirs Runólfssonar er mjög á annan veg en vitnisburður annarra vitna. Vitnið sá ekki, að Ásgeir Þór félli á útigrill, og framburður þess um, að Ásgeir hefði rekist utan í dyrakarm, var óstöðugur. Vætti Sigurðar Ásgeirs verður því ekki metið trúverðugt að því leyti, sem það fer í bága við vætti annarra vitna.

Að framanrituðu athuguðu þykir dómara efalaust, að áverkar Ásgeirs Þórs Agnarssonar, eins og þeim er lýst í ákæru, séu afleiðingar af árás ákærða á hann. Fram lagt læknisvottorð styður þetta. Er það niðurstaða dómara, að sannað sé, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás, og varði brot hans við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, eins og talið er í ákæru.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði hefur tvisvar gengist undir dómsátt vegna umferðarlagabrota, á árunum 1982 og 1983. Öðrum refsingum hefur hann ekki sætt, svo að vitað sé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eins mánaðar varðhald, en rétt þykir að skilorðsbinda refsinguna í tvö ár samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnað ber að dæma ákærða til að greiða allan. Undir hann fellur málsóknarkostnaður í ríkissjóð, sem skal vera 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Oddssonar hrl., sem skulu og vera 50.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hafþór Hafdal Jónsson, sæti 30 daga varðhaldi. Fullnustu þeirrar refsingar skal fresta og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá lögbirtingu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., 50.000 kr., auk virðisaukaskatts.
